

Ed.

285. Nefndarálit

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið sammála um að leggja til við hv. deild, að hún samþykki það. Að gefnu tilefni vill nefndin taka fram, að hún skilur niðurlag 3. gr. frv. á þann hátt, að risi ágreiningur milli vatnsveitufélagsins og Reykjavíkurbæjar, skuli hann útkljáður af gerðardómi þriggja manna, og sé einn þeirra útnefndur af stjórn vatnsveitufélagsins, annar af bæjarstjórn Reykjavíkur og þriðji af hæstarétti. Að öðru leyti gildi sömu reglur og í 2. málsg. segir.

Frá því var skýrt við 1. umr. málsins hér í deildinni, að nafn

vatnsveitufélagsins væri »Vatnsveitufélag Skildinganeskaupþúns«. Leggur nefndin þvi til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

Í stað »Skildinganesþorps« í 2. og 3. málsgrein 3. gr. komi: Skildinganeskaupþúns

Alþingi, 12. ágúst 1931.

Magnús Torfason,
form.

Einar Arnason,
fundaskrifari.

Pétur Magnússon,
framsögum.